


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	ÍSL 103 Kennsluáætlun haustönn 2013	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, KRÁ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Rifjuð verða upp helstu hugtök og reglur í málfræði og stafsetningu. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Markmið eru að nemendur:

- lesi og greini bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti skrifað skipulega unnar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- öðlist sjálftraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.

Námsgögn:


Les- og vinnuhefti, selt á skrifstofu VMA.

Kjörbók valin síðar

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 22.8 - 27.9. (5 vikur) Ritun, málfræði og tjáning

Les- og vinnuhefti. Fjallað verður um byggingu texta og ýmis ritunarverkefni lögð fram til þjálfunar. Helstu handbækur verða kynntar og orðabókaverkefni unnið í framhaldinu. Fjallað verður um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður, verkefni sem gildir til einkunnar (10%). Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu, verkefni sem gildir til einkunnar (10%). Nemendur hefja lestur kjörbókar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	ÍSL 103	
Síða 2 af 2	Kennsluáætlun haustönn 2013	

Kennari	Ásbjörg Benediksdóttir, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, KRÁ
----------------	--	---------------	----------

2. lota 30.9 – 01.11. (4 vikur) Bókmenntir

Les- og vinnuhefti. Farið verður í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Kjörbók rædd og verkefni (10%) unnin úr henni. Ýmis verkefni verða lögð fram í tengslum við umfjöllun.

3. lota 04.11. - 15.11. (2 vikur) Rökfærsluritgerð

Les- og vinnuhefti. Nemendur vinna rökfærsluritgerð sem gildir 10%.

4. lota 18.11. - 03.12. (3 vikur) Ljóð

Les- og vinnuhefti. Farið verður ítarlega í myndmál og stílbrögð ljóða og ýmis verkefni unnin í tímum.

Verkefni:

Nemendur vinna margvísleg verkefni og skila þeim ýmist munnlega eða skriflega. Rökfærsluritgerð skal skila eftir 3. lotu 3. Samanlagt vægi námsþátta á önn er 40% sem reiknast á móti lokaprófi.

Námsmat og vægi námsþátta:

Munnlegt verkefni	10%
Stafsetning og málfræði	10%
Krossapróf og verkefni úr kjörbók	10%
Rökfærsluritgerð	10%
Lokapróf	60%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fáist metin. Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils